

389. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 6. mars 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 17:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JBJ
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Patrik Zolobow í fjarveru MG
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Óskaði hann eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 25. lið, bréf frá Ungmennafélaginu Víkingi/Reyni og sem 26. lið bréf frá foreldrafélagi leikskólans Krílakots í Ólafsvík. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) **Áfangastaða- og Markaðsstofa Vesturlands.**
Á fundinn mættu Margrét Björk Björnsdóttir og Kristján Guðmundsson frá Áfangastaða- og markaðssviði SSV til að kynna starfsemina og samstarf við sveitarfélögin.
- 2) **Körfuboltavellir í Snæfellsbæ.**
Smári Jónas frá tæknideild Snæfellsbæjar, mætti á fundinn og fór yfir hugmyndir að staðsetningu og stærð körfuboltavalla sem fyrirhugað er að setja upp á skólasvæðunum á Hellissandi og Ólafsvík í ár.
- 3) **Fundargerð 355. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 20. febrúar 2025.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 190. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. febrúar 2025.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerðir 104. og 105. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 12. febrúar og 26. febrúar 2025, ásamt íþrótt- og æskulýðsstefnu Snæfellsbæjar 2025-2027.**
Fundargerðinar samþykktar samhljóða.
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu íþrótt- og æskulýðsstefnu Snæfellsbæjar til næsta fundar bæjarstjórnar.
- 6) **27. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 18. febrúar 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Fundargerð 228. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 22. nóvember 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:**
 - a) Fundargerð 960. fundar, dags. 13. desember 2024.
 - b) Fundargerð 961. fundar, dags. 17. janúar 2025.
 - c) Fundargerð 962. fundar, dags. 22. janúar 2025.
 - d) Fundargerð 963. fundar, dags. 31. janúar 2025.
 - e) Fundargerð 965. fundar, dags. 18. febrúar 2025.
 - f) Fundargerð 966. fundar, dags. 19. febrúar 2025.
 - g) Fundargerð 967. fundar, dags. 20. febrúar 2025.
 - h) Fundargerð 968. fundar, dags. 21. febrúar 2025.
 - i) Fundargerð 969. fundar, dags. 24. febrúar 2025.

Lagt fram til kynningar.

Handwritten notes and signatures:
BHH
PZ
MS
AL
FS
EB
JF
M


- 9) **Fundargerð 84. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 24. janúar 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Fundargerð 79. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 26. febrúar 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Fundargerð 468. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 6. desember 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Aðalfundarboð Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 26. mars 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Fundarboð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands, dags. 26. mars 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Fundarboð aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 20. mars 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 15) **Ályktun kennara í Snæfellsbæ, dags. 21. febrúar 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 16) **Bréf frá stjórn svd. Sumargjafar, dags. 26. febrúar 2025, varðandi staðsetningu gáma fyrir gler og járn við Mettubúð.**
Bæjarstjórn telur að það sé best að það komist betri reynsla á staðsetningu grenndarstöðvarinnar áður en skoðað verði hvort tilefni sé til að færa hana. Eins og staðan er núna virðist staðsetningin henta mjög vel og eru grenndarstöðin vel notuð.
- 17) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. febrúar 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Vidic ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki II, stærra gistiheimili, að Norðurtanga 1 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn samþykkti að fresta erindinu þar til fyrir liggur umsögn tæknideildar Snæfellsbæjar og slökkviliðs Snæfellsbæjar.
- 18) **Minnisblað bæjarstjóra, dags. 3. mars 2025, varðandi kjarasamning kennara.**
Bæjarstjóri fór yfir áætlaðan kostnað við kjarasamninginn, sem verður að öllum líkindum um 65 milljónir framyfir það sem þegar var búið að áætla í fjárhagsáætlun ársins. Ljóst er að gera þarf breytingar á fjárhagsáætlun ársins 2025 til að koma til móts við þennan kostnað, sem er jafnframt um 20% af áætluðum framkvæmdarkostnaði ársins.
Bæjarstjórn óskar eftir því að fá leikskólastjóra og grunnskólastjóra á næsta fund bæjarráðs til að ræða mögulegar leiðir til að mæta þessari hækkun launa.
- 19) **Jafnlaunastefna Snæfellsbæjar.**
Bæjarstjórn samþykkti framlagða jafnlaunastefnu samhljóða.
- 20) **Samþykkt um götu og torgsölu.**
Bæjarstjórn samþykkti framlagða samþykkt um götu og torgsölu samhljóða.
- 21) **Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, varðandi framlengdan frest til umsagnar um frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- 22) **Bréf frá Sinfóníuhljómsveit Íslands, ódags., varðandi verkefnið „Sinfó í sundi“.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa erindinu til íþrótt- og æskulýðsnefndar, menningarnefndar og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.


- 23) **Bréf frá Matvælaráðuneytinu, dags. 22. janúar 2025, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2024/2025 – áður tekið fyrir á 388. fundi bæjarstjórnar.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að óska eftir samskonar breytingum á reglugerðinni og óskað var eftir á síðasta ári.
- 24) **Samþykktir fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, seinni umræða.**
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða framlagðar samþykktir fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
- 25) **Bréf frá Ungmennafélaginu Víkingi/Reyni, ódags., varðandi niðurfellingu á leigu í félagsheimilum Snæfellsbæjar vegna konukvölds þann 5. apríl n.k.**
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða enda fellur atburðurinn undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á húsaleigu í félagsheimilum bæjarfélagsins.
- 26) **Bréf frá stjórn foreldrafélagi leikskólans Krílakots í Ólafsvík, dags. 6. mars 2024, varðandi útreikning afsláttar leikskólagjalda í verkfalli KÍ.**
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar tók þá ákvörðun að gefa foreldrum afslátt á leikskóla- og fæðisgjöldum vegna verkfalls KÍ sem stóð í Snæfellsbæ frá 3. febrúar til og með 25. febrúar. Það skal tekið fram að endurgreiðsla leikskólagjalda vegna verkfalla er ekki lögbundin og í raun eðlilegt að foreldrar taki að einhverju leiti þátt í þeim kostnaði sem til fellur, en vegna þess að þegar varúið að gefa fordæmi fyrir endurgreiðslum í verkfalli Kjarlaxstarfsmanna í maí og júní 2023, þá ákvað bæjarstjórn að gera slíkt hið sama nú.
Útreikningur afsláttar var sá sami nú og í fyrra verkfalli árið 2023, og var svona:
Í febrúar voru 17 virkir leikskóladagar, þ.e. 20 virkir dagar en 3 sem komu til frádráttar þar sem þeir voru starfsdagar og vetrarfrí.
Þessum 17 dögum var deilt í leikskólagjöld fyrir mánuðinn og fengið út daggjald.
Leikskólinn tók saman lista yfir leikskólabörnin og þann fjölda daga sem hvert barn fékk vistun í febrúar. Afsláttur var gefinn fyrir þá daga sem börn fengu ekki vistun, en það var mjög misjafnt eftir börnum. Vistunardagar á verkfallstímanum voru allt frá því að vera 4 dagar og upp í það að fá vistun alla dagana, þ.e. á ungmbarnadeildinni þar sem starfsemi var óskert. Við vistunardagana á verkfallstímabilinu bættust svo þessir 3 dagar í lok febrúar sem allir fengu vistun eftir að verkfalli lauk, þannig að þeir sem voru t.d. með 6 daga í vistun í verkfallinu greiða fyrir 9 daga í febrúar.
Sama aðferð var notuð til að reikna út afslátt af fæði.
- 27) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins.
 - Bæjarstjórn ræddi formlega opnun stækkunarinnar við leikskólann í Ólafsvík. Bæjarstjórn samþykkti að biðja leikskólastjóra um að koma með tillögu um dagsetningu og hvernig tilhögun ætti að vera.
 - Bæjarstjórn ræddi jafnframt formlega opnun á nýja anddyrinu á Jaðri. Bæjarstjórn samþykkti að biðja forstöðumann Jaðars um að koma með tillögu að dagsetningu og tilhögun opnunar.
 - Bæjarstjóri ræddi væntanlegt ferli við ráðningu skólastjóra og var það ferli samþykkt samhljóða.
 - Bæjarstjóri sagði frá heimsóknum í kjördæmavíku. Ólafur Adolfsen kom frá Sjálfstæðisflokki og stærstur hluti þingflokks Viðreisnar komu hér líka.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:38



Björn H Hilmarsson






Jónína Björg Óttarsdóttir



Margrét Sif Sævarsdóttir



Auður Kjartansdóttir


Fríða Sveinsdóttir


Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Patryk Zolobow


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari